

Kópavogur 12.janúar 2022

Berist til:

Umhverfis- og samgöngunefndar, Andra Steins Hilmarssonar formanns, Birkis Rútssonar deildarstjóra gatnadeildar, Ásthildar Helgadóttur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs og Auðar Dagnýjar Kristinsdóttur skipulagsstjóra.

Erindi:

Ósk starfsfólki leikskólans Kópahvols um úrbætur á aðstöðu á geymslu reiðhjóla starfsfólks.

Starfsfólk leikskólans Kópahvols óskar eftir því að bætt verði úr aðstöðu á geymslu reiðhjóla starfsfólks. Engin slík aðstaða er til staðar hér á vinnustaðnum. Þetta aðstöðuleysi hamlar því að starfsfólk hjóli til vinnu. Starfsfólk leikskólans vill benda á að lítið mál er að bæta úr þessu, því gott rými er fyrir slíka aðstöðu við lóð skólans við vesturenda skólans. En þar væri hægt að koma fyrir læstri og yfirbyggðri aðstöðu.

Vonast starfsfólkið eftir því að vel verði tekið í þessa tillögu og vill í því sambandi vísa í Lýðheilsuáætlun Kópavogs. En eitt að markmiðum bæjarins er „að skapa umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar“. Við viljum að lokum vitna í framtíðarsýn Kópavogs í innleiðingu á Heimsmarkmiðunum, en þar segir; „Kópavogur er bær þar sem veitt er framúrskarandi þjónusta og fólk og fyrirtæki sækjast eftir að búa í og starfa. Kópavogsbær er borgarsamfélag í nánum tengslum við náttúruna enda sýnir bærinn umhverfislega og samfélagslega ábyrgð. Í Kópavogi eru skólar í fremstu röð og vel hugað að líðan, heilsu og velferð íbúa á öllum aldri.

Fyrir hönd starfsfólks leikskólans Kópahvols.

Sigríður Kristín Sigurðardóttir

Sérkennslustjóri

Afrit sent: Anna Birna Snæbjörnsdóttir, Sigurlaug Bjarndóttir